

Starfsreglur starfskjaranefndar stjórnar Stefnis hf.

1. gr.

Starfskjaranefnd stjórnar

- 1.1. Starfskjaranefnd er ein undirnefnda stjórn Stefnis hf. (hér eftir „Stefnir“ eða „félagið“) og er skipuð af stjórn félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar. Nefndin starfar í umboði og ábyrgð stjórnar í samræmi við íslensk lög og viðeigandi reglur um góða stjórnarhætti eins og nánar er fjallað um í starfsreglum stjórnar.
- 1.2. Meginhlutverk starfskjaranefndar er að setja og endurskoða starfskjarastefnu félagsins sem skal lögð fram til samþykktar á aðalfundi ár hvert en nánar er fjallað um hlutverk og ábyrgð starfskjaranefndar í 3. gr. reglna þessara.
- 1.3. Störf og ábyrgð starfskjaranefndar hafa ekki áhrif á ábyrgð og skyldur stjórnenda félagsins eða stjórnar þess.
- 1.4. Starfskjaranefnd stjórnar Stefnis skal starfa í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

2. gr.

Skipun nefndarmanna og hæfi

- 2.1. Starfskjaranefnd skal skipuð þannig að hún geti lagt faglegt og sjálfstætt mat á starfskjarastefnu félagsins og framkvæmd hennar og hvata til að stýra áhættu.
- 2.2. Starfskjaranefnd skal skipuð þremur einstaklingum.
- 2.3. Æskilegt er að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda og annarra starfsmanna, svo sem kröfur sem koma fram í viðeigandi löggjöf.
- 2.4. Stjórn Stefnis skal skipa þrjá menn í starfskjaranefnd eigi síðar en á næsta fundi eftir aðalfund ár hvert.

3. gr.

Hlutverk, ábyrgðarsvið og heimildir nefndarinnar

- 3.1. Starfskjaranefnd annast það lögbundna hlutverk að undirbúa tillögur til ákvarðana stjórnar Stefnis um almenna starfskjarastefnu félagsins um starfskjör stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og áhættustjóra.
- 3.2. Í starfskjarastefnu félagsins skulu koma fram grundvallarsjónarmið við ákvörðun starfskjara stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna og annarra starfsmanna í samræmi við lög, reglur og önnur viðmið varðandi starfskjarastefnur verðbréfasjóða eða rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- 3.3. Helstu verkefni starfskjaranefndar eru eftirfarandi:
 - a. Undirbúningur ákvarðana um starfskjör, þ.m.t. þeirra sem hafa áhrif á áhættu og áhættustýringu hlutaðeigandi rekstraraðila eða viðkomandi sjóðs og þeirra sem stjórn

- eða framkvæmdastjóri tekur með hætti sem tekur tillit til langtímahagsmuna hluthafa, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila fyrirtækisins og almannahagsmuna.
- b. Að útbúa drög að starfskjarastefnu félagsins og tryggja að þau gögn sem starfskjarastefnan byggir á hverju sinni séu skýr og aðgengileg. Nefndin skal leggja fram tillögu um starfskjarastefnu tímalega, sé tilefni til að uppfæra eða breyta henni, eigi síðar en fyrir síðasta stjórnarfund fyrir aðalfund ár hvert.
 - c. Að undirbúa tillögu til aðalfundar um starfskjör stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
 - d. Að hafa eftirlit með gildandi starfskjarastefnu.
 - e. Að hafa eftirlit með því að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni.
 - f. Að undirbúa og leggja fram drög til stjórnar að samningum við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, sem heyra undir stjórn félagsins, ef við á.
 - g. Að veita álit á kaupaukakerfi félagsins og koma því til stjórnar.
 - h. Að taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustjórnun félagsins í samráði við endurskoðunar- og áhættunefnd félagsins, með hætti sem tekur tillit til langtímahagsmuna fjárfesta og annarra hagsmunaaðila og almannahagsmuna.
 - i. Hafa umsjón með starfskjörum áhættustjóra.

4. gr.

Gerð starfskjarastefnu

- 4.1. Starfskjaranefnd útbýr drög að starfskjarastefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnarmanna, stjórnenda og annarra starfsmanna.
- 4.2. Starfskjarastefna skal lögð fyrir aðalfund til samþykktar með eða án breytinga og öðlast gildi þegar hún hefur verið samþykkt á aðalfundi félagsins. Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert.
- 4.3. Við mótnun og gerð starfskjarastefnu skulu höfð að leiðarljósi þau viðmið sem eru sett fram í viðeigandi löggjöf, svo sem lögum um hlutafélög, lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og lögum um verðbréfasjóði ásamt viðeigandi viðmiðunarreglum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar („ESMA“) um heilbrigðar starfskjarastefnur.

5. gr.

Fundir starfskjaranefndar og ákvörðunarvald

- 5.1. Starfskjaranefnd stjórnar Stefnis skal funda eftir þörfum en að lágmarki tvisvar sinnum á ári.
- 5.2. Formaður starfskjaranefndar boðar til funda að eigin frumkvæði. Formanni er jafnframt heimilt að fela framkvæmdastjóra félagsins eða ritara að boða til fundar. Heimilt er að boða til fundar með tölvupósti á tölvupóstfang sem nefndarmenn hafa samþykkt. Fundargögn skulu vera aðgengileg fundarmönnum minnst þremur (3) dögum fyrir fund.
- 5.3. Fyrsti fundur starfskjaranefndar skal haldinn eftir skipun nefndarinnar í upphafi starfsárs og skal nefndin samþykkja starfs- og fundaaætlun starfsársins á þeim fundi. Framkvæmdastjóri, stjórnarformaður félagsins eða einstakir nefndarmenn geta óskað eftir því við formann nefndarinnar að halda aukafundi komi einhver málefni upp sem kalli á fundi nefndarinnar.

- 5.4. Fundir starfskjaranefndar eru lögmætir ef a.m.k. tveir nefndarmenn taka þátt. Þátttaka á fundum í síma eða með fjarfundarbúnaði er heimil. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Atkvæðagreiðsla er endanleg um lyktir máls. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns nefndarinnar.
- 5.5. Rita skal fundargerð um það sem gerist á fundum starfskjaranefndar. Fundargerðir skulu vistaðar rafrænt í skjalakerfi félagsins. Að öðru leyti en hér kemur fram skulu sömu reglur gilda um fundargerðir nefndarinnar og fundargerðir stjórnar, sbr. 12. gr. starfsreglna stjórnar.

6. gr.

Upplýsingar um störf starfskjaranefndar

- 6.1. Stjórn Stefnis skal hafa aðgang að fundargerðum starfskjaranefndar.
- 6.2. Stjórn Stefnis hefur eftirlit með störfum starfskjaranefndar og skal árlega meta skilvirkni nefndarinnar.

7. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda

- 7.1. Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda um allt það sem þeir kunna að fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og skulu leynt fara samkvæmt samþykktum, lögum, starfsreglum stjórnar eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórn félagsins ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga eða samþykktum. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.
- 7.2. Nefndarmenn skuldbinda sig til að hagnýta sér hvorki í eigin þágu eða þágu annarra, vitneskju eða hugmyndir, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna á vegum starfskjaranefndar. Gildir það bæði um trúnaðarupplýsingar sem afhentar eru frá utanaðkomandi aðilum eða innanhússupplýsingar.
- 7.3. Nefndarmenn bera sjálfir ábyrgð á því að gögn sem eru afhent þeim, á hvaða formi sem er fari ekki lengra eða komist ekki á annan hátt í hendur utanaðkomandi aðila.
- 7.4. Að öðru leyti gildir um þagnar- og trúnaðarskyldu nefndarmanna ákvæði 14. gr. starfsreglna stjórnar um þagnar- og trúnaðarskyldu.

8. gr.

Úrsögn úr starfskjaranefnd

- 8.1. Nefndarmanni er heimilt að segja sig úr starfskjaranefnd. Þá er meirihluta stjórnar heimilt að víkja nefndarmanni úr starfskjaranefnd án rökstuðnings og án fyrirvara ef þurfa þykir. Komi til þessa, skal stjórn Stefnis skipa annan nefndarmann við fyrsta tækifæri, og eigi síðar innan mánaðar.

9. gr.

Endurskoðun reglna, birting og gagnsæi

- 9.1. Reglur þessar eru settar með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, sem og viðeigandi leiðbeiningum og viðmiðunarreglum.
- 9.2. Reglur þessar eru bindandi fyrir nefndarmenn og skulu þær yfirfarnar árlega af nefndarmönnum þegar breytingar eru lagðar til. Reglurnar skulu birtar á vefsíðu félagsins.

Samþykkt af stjórn Stefnis hf.

26. ágúst 2026

Undirritunarsíða

Jón Óttar Birgisson

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir

Kristín María Dýrfjörð